

Ed.

515. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til l. um skipamælingar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál lengi til meðferðar, en sá dráttur stafar af því, að afgreiðsla frumvarpsins er að vissu leyti háð samþykkt annarra frumvarpa, sem deildin hefur enn til meðferðar og bíða varð eftir að kæmust í gegnum 2. umræðu.

Nefndin gerir eina breytingartillögu um nafnbreytingu í samræmi við áður nefnd frumvörp í deildinni. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 8. apríl 1970.

Ólafur Björnsson,
form.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr., frsm.

Sveinn Guðmundsson.

Bjarni Guðbjörnsson.

Axel Jónsson.

Kristján Thorlacius.

Björn Jónsson.